



Kolviður og skógræktarfélögin

4. APRÍL 2019

Bakgrunnur Kolviðar

Kolviður er sjálfseignarstofnum með staðfesta skipulagsskrá, stofnaður af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd.

Skiplagsskráin var samþykktri af dómsmálaráðuneytinu 2006, sem leggur á sjóðinn kvaðir m.a. um að skila ársreikningum sínum til Ríkisendurskoðunar.

Stjórnina skipa tveir fulltrúar Skógræktarfélags Íslands og tveir frá Landvernd og einn sameiginlegur óháður.

Stjórnarformaður Sógræktarfélags Íslands og starfsmaður hafa setið í stjórninni frá upphafi.

Hvað er Kolvíður?

Kolvíð mætti kalla ***kolefnissjóð, samfélagssjóð eða lofslagssjóð***

Kolvíður hefur þróast í þá átt að selja fyrirtækjum kolefnisjöfnun á losun þeirra með því að planta trjám til bindingar kolefnis.

Á þessu ári verða um 50 fyrirtæki viðskiptavinir sjóðsins og hafa þau gert skriflega samninga um bindingu, sum þeirra hafa verið viðskiptavinir allt frá upphafi.

Auk þeirra er vaxandi fjöldi einstaklinga að kolefnisjafna losun sína og nú eru þrjú fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum að kolefnisjafna losun sína á ferðum til og frá vinnu .

Fyrirtæki sem kolefnisjafna starfsemi sína með Kolviði




Ríkisstofnanir og sveitarfélög sem kolefnisjafna starfsemi sína



| **Stjórnarráð Íslands**

(Forsætisráðherra og fylgdarlið á kvennafund SP í NY í mars 2019)

Fjöldi þeirra sem kolefnisjafna



66 einstaklingar hafa
kolefnisjafnað sig og
fjölskyldu sína á árinu
2018 um 409 tonn CO₂
eða um 4.100 tré

Næstu skref á markaði


Kolviður hefur gert samkomulag við Klappir Grænar Lausnir hf. um að fyrirtæki sem hafa innleitt heilstæða hugbúnaðarlausn frá þeim, Klappir Core, þar sem upplýsingum er streymt inn í kerfið frá gagnalindum með rafrænum hætti í rauntíma, geti kolefnisjafnað losun sína með Kolviði.

Klappir Grænar Lausnir votta jafnframt uppgjör fyrirtækjanna en þær upplýsingar eru hluti af samfélags-skýrslu þeirra sem leggja skal fram á aðalfundi skráðra fyrirtækja. (CORCIA verkefnið er spennandi)




The screenshot shows the Klappir website homepage. At the top, there is a navigation bar with links: Klappir Platform Products ▾, Industries ▾, Sustainability Report, Klappir ▾, Log In, and Sign Up. The main heading is "Smart Environmental Management". Below it, the tagline is "Capture Operational Data | Calculate Environmental Footprint | Ensure Compliance to Regulations". At the bottom of the page, there are two buttons: "Create a Klappir Account" and "Contact Klappir Sales".


Seld kolefnisjöfnun tonn CO₂



Upp safnaður fjöldi plantna




Fjárhagslegar uppýsingar



Plöntur og gróðusetning
55 – 60% af tekjum
Skrifstofukostn. og
endurskoðun um 20%
Skuldbindingar og
varasjóður 20 – 25%

Eigið fé



Verðlagning kolefnisbindingar

- ❖ Með staðaltré kr. 2.000 á tonn CO₂ (um 14 evrur)
- ❖ Með birkilausn kr. 4.000 á tonn CO₂

Stefnumótun Kolviðar

SAMPÝKKT 17 DESEMBER 2018

Hlutverk – Markmið Kolviðar

Markmið sjóðsins er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koldíoxíðs (CO₂) í andrúmslofti.

Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að:

- Gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus.
- Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu, skógrækt og öðrum leiðum sem draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda, eftir því sem við getur átt og hagkvæmt talist.
- Stuðla að verndun jarðvegs, gróðurs og vatnsauðlindarinnar.
- Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.
- Draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Gildi Kolviðar

Trúverðugleiki

Fagmennska

Náttúra og umhverfi

Samfélagsleg ábyrgð

Lýðheilsa



Undirmarkmið

- Stefnt er að því að í árslok 2020 verði seld kolefnisjöfnun um 15.000 tonn CO₂ (verður líklega nær 20.000 tonn CO₂) og 2025 verði hún um 30.000 tonn CO₂.
- Að Kolviður noti mismunandi viðurkenndar leiðir til kolefnisjöfnunar sem byggja á áreiðanlegum niðurstöðum rannsókna.
- Stuðla að auknum rannsóknum á kolefnisbindingu og heftingu kolefnislosunar, stofnaður sérstakur rannsóknarsjóður sem fær 1,5% af greiddri kolefnisjöfnun.
- Að hafa ávallt nægjanlegt land til umráða fyrir áætluð verkefni næstu fimm ára. (um 450 ha)
- Að hafa aðgang að góðum verktökum sem hafa þekkingu og getu til þess að takast á við verkefni fyrir Kolvið á samkeppnishæfum grunni.

Undirmarkmið framh.

- Að bindileiðir og sala losunarheimilda Kolviðar tryggi samkeppnishæfni og sjálfbærar rekstur.
- Að verðlagning kolefnisbindingar/losunarheimilda stuðli að öruggum rekstri Kolviðar bannig að hann geti ávallt staðið við skuldbindingar sínar.
- Að Kolviður leiti leiða til að lágmarka mögulega áhættu eftirfarandi þátta:
 - Ávöxtun sjóða.
 - Einsleitni í vali plöntutegunda með tilliti til áfalla m.a. af sýkingum.
 - Skógarelda.


Val tegunda

Staðaltré

Tegund	Hlutfall	Áætluð meðalbinding
• Birki	25-35%	3,1 tonn/ha/ár
• Stafafura	15-25%	7,0 "
• Sitkagreni	15-25%	8,3 "
• Ösp	10-20%	16,2 "
• Lerki	10-15%	6,1 "

Birkitengd samsetning

Tegund	Hlutfall	Áætluð meðalbinding
• Birki, plantað	75%	3,1 tonn/ha/ár
• Endurheimt/vernd náttúrlegra birkiskóga	15%	2,5 "
• Víðir/reynir	10%	3,0 "



Kolviður hefur fest kaup á um 12 milljón birkifræa til sáningar

Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar

- Fyrirtæki og einstaklingar; kolefnisjöfnun, tekjur Kolvíðar
- Skógræktarfélag Íslands; umsjón, skipulag, gróðursetning og eftirlit
- Skógræktarfélögin; aðstoð við markaðssetningu, útvegun lands og gróðursetningu
- Íslensk skógarúttekt á Mógilsá; mæling á bindingu
- Rannsóknarsvið Skógræktarinnar á Mógilsá; Tilraunaverkefni vegna Loftslagsskógar á Mosfellsheiði
- Mosfellsbær; land til plöntunar
- Háskólinn á Akureyri; rannsóknir
- Plöntuframleiðendur; vaxandi þörf fyrir plöntur
- KPMG; endurskoðun reikninga sem fara síðan til Ríkisendurskoðunar
- Klappir grænar lausnir hf.; tengsl við fyrirtæki sem nota hugbúnað Klappa til að reikna losun

Lönd til gróðursetningar Kolvíðaskóga

KOLVIÐUR GREIÐIR EKKI FYRIR LEIGU Á LANDI EN LANDEIGANDI
EIGNAST SKÓGIN ÞEGAR BINDINGU ER NÁÐ

ÞINGLÝST ER KÖVÐ UM VERNDUN SKÓGARINS Í 60 ÁR

Lönd til gróðursetningar

- ❖ Geitasandur
- ❖ Úlfljótsvatn
- ❖ Skálholt
- ❖ Mosfellsheiði



Geitasandur 2018

Ljósmynd – Einar Gunnarsson


Kolviðarskógur á Úlfljótsvatni



Skálholt




Ljósmynd – Einar Gunnarsson





Ljósmynd – Einar Gunnarsson

Tilraunareitir sem settir verða út í land Mosfellsbæjar á Mosfellsheiði 2019 í samstarfi við Rannsóknarmiðstöðina í Mosfellsbæ



Önnur svæði sem hafa komið til umræðu

- ❖ Végeirsstaðir í Fnjóskadal, í samstarfi við Háskólan á Akureyri og fleiri
- ❖ Akureyri, Glerárdalur, Skjaldarvík, Reykir í Fnjóskadal
- ❖ Húsavík, svæði norðan við bæinn
- ❖ Reykholt í Borgarfirði
- ❖ Land við Hafnarfjall í Borgarfirði
- ❖ Skeiðarársandur – birkisáning
- ❖ Kirkjujarðir
- ❖ Svæði í umsjá Landgræðslunnar og Skógræktarinnar

Hlutverk skógræktarfélaganna í loftslagsmálum

Kolefnisjöfnun í heimabyggð í samstarfi við Kolfvið

- Kynning á kolefnisjöfnun með skógrækt í sveitarféluginu
 - Gefa fyrirtækjum og einstaklingum kost á að kolefnisjafna losun sína í heimabyggð
 - Fræðsla um loftslagsmál
- Aðstoð við útvegun á hentugu landi sem enst gæti í 5-10 ár eða 100 – 200 ha.
 - Þinglyst kvöð til 60 ára
 - Landeigandi eignast skóginn þegar bindingu er náð
- Plöntun eða umsjón með plöntun og umhirðu skógarins í samráði við Kolfvið
- ***Verkefnið þarf að vera arðbært fyrir viðkomandi skógræktarfélög***

Lokaorð

Mikilvægt er að skógargeirinn standi saman um Kolvið til að einfalda markaðssetningu á kolefnisbindingu með skógrækt, gagnvart innlendum og erlendum fyrirtækjum og einstaklingum.

Ef til vill vilja eða þurfa fleiri aðilar að hafa áhrif á stefnu sjóðsins en ekki hafa komið óskir um slikt enn sem komið er.

Takk fyrir